HAFNARFJÖRÐUR

24. mars 2016

**Minnismiði vegna launa unglinga í Vinnuskóla**

Sveitarstjórnum er í sjálfsvald sett hvaða laun grunnskólanemendur fá greidd fyrir sumarvinnu hjá sveitarfélögum. Laun nemenda Vinnuskóla Hafnarfjarðar hafa ekki fylgt launaþróun.

**Launaþróun dagvinnulauna Vinnuskólanemenda í Hafnarfirði**

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 14 ára | 325.69 | 325.69 | 341.08 | 352.17 | 362.07 | 362.07 |
| 15 ára | 367.07 | 367.07 | 385.43 | 397.96 | 409.1 | 409.1 |
| 16 ára | 488.01 | 488.01 | 512.41 | 529.06 | 543.91 | 543.91 |

Tekjumöguleikar hafa því verið nokkuð takmarkaðir því vinnutímafjöldi hefur verið fastur eða að hámarki 72 klst. yfir sumarið auk þess sem laun hafa sjaldan hækkað síðustu ár.

**Tekjumöguleikar unglinga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar 2015**

16 ára unglingar voru með 543,91 á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn rúmlega 43.000 kr.
15 ára unglingar voru með 409,10 kr. á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn rúmlega 33.000 kr.
14 ára unglingar voru með 362,07 á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn um 29.000 kr.

Í samanburði við önnur sveitarfélög hafa laun nemenda í Hafnarfirði komið illa út. Ekki liggur fyrir hjá öllum sveitarfélögum hvaða laun verða greidd nú í sumar. Reykjavík og Garðabær hafa ekki gefið út hver launin verða. Reykjanesbær og Reykjavík eru ekki með nemendur úr 8. bekk en í stað þess eru önnur verkefni í gangi fyrir þau s.s. félagsmiðstöðvastarf.

**Kópavogur - 2016**

| | |
|---|---|
| 14 ára | 450 |
| 15 ára | 600 |
| 16 ára | 750 |

**Reykjanesbær - 2016**

| | |
|---|---|
| 14 ára | 0 |
| 15 ára | 663 |
| 16 ára | 829 |

**Reykjavík - 2015**

| | |
|---|---|
| 14 ára | 0 |
| 15 ára | 408 |
| 16 ára | 543 |

**Garðabær - 2015**

| | |
|---|---|
| 14 ára | 403 |
| 15 ára | 449 |
| 16 ára | 580 |

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 voru heildarframlög til Vinnuskólans hækkuð í 180.000.000 kr úr 158.000.000 kr. til að vega upp á móti launahækkunum starfsmanna. Rúmlega 400 starfsmenn 17 ára og eldri störfuðu í Vinnuskóla síðasta sumar og fer stór hluti hækkunnar framlags til Vinnuskólans í að mæta kjarasamningsbundnum hækkunum þar nú í sumar. Aukið framboð á atvinnu í landinu mun eflaust hafa áhrif á umsóknarfjölda í Vinnuskólann í sumar og því má ætla að lagfæring launa hafi áhrif á umsóknarfjölda. Nemendur Vinnuskólans sinna fjölmörgum verkefnum á sumrin eins og að þrífa bæinn, hugsa um beð og viðhalda gatna og mannvirkja bæjarins auk þess að starfa á leikjanámskeiðum bæjarins og íþróttafélaga. Umsóknum nemenda úr 10. bekk hefur farið fækkandi síðustu ár.

Íþrótta-og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar - Strandgata 6 - 220 Hafnarfirði.
Sími 585 5750 – Gsm 6645754 – Netfang geir@hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

**Fjöldi unglinga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2015**

| | Fjöldi | Í skólum Hafnarfjarðar | Hlutfall (%) unglinga |
|---|---|---|---|
| **8. bekkur** | 302 | 387 | 78% |
| **9. bekkur** | 311 | 407 | 77% |
| **10. bekkur** | 196 | 363 | 54% |
| | **809** | 1.148 | 70% |

Ætla má að hækkun launa um 15% muni gera laun þeirra sambærileg öðrum launum sem jafningjum þeirra eru greidd.

| | **Dagvinna 2015** | **15% hækkun 2016** | **Vinnutími** | **Fjöldi, áætl, 70-80% árgangs** |
|---|---|---|---|---|
| 14 ára | 362.07 | 416.38 | 72 klst | 285 börn |
| 15 ára | 409.1 | 470.50 | 72 klst | 260 börn |
| 16 ára | 543.91 | 625.50 | 72 klst | 274 börn |

Nægt svigrúm er til að mæta þessari kauphækkun yngsta hópsins sjá rekstraráætlun sumarsins hjá Vinnuskólanum:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Nemar:** | 15% launahækkun | | | | | |
| Flokkur | Skýring | Fjöldi | Tímafjöldi | Dagv | Mánaðarl | Laun |
| U 0 | 14 ára fædd 2002 | 285 | 72 | 416.38 | | 8,544,118 |
| U 1 | 15 ára fædd 2001 | 260 | 72 | 470.50 | | 8,807,760 |
| U 2 | 16 ára fædd 2000 | 274 | 72 | 625.50 | | 12,339,864 |
| | | | | | | 29,691,742 |
| | | | | | | |
| 115/82% | 17 ára | 125 | 120 | 1,296.42 | 0 | 19,446,300 |
| 115 | 18 ára - 20 ára | 98 | 216 | 1,581.01 | 0 | 33,466,820 |
| | | | | | | 52,913,120 |
| | | | | | | |
| **Flokkstjórar:** | | | | | | |
| 120 | Flokkstjóri vinnuskóla | 92 | 264 | 1,746.00 | 0 | 42,406,848 |
| | | | | | | 42,406,848 |
| | | | | | | |
| **Stjórnendur** | | | mán | | | |
| Mism. | Yfirflokkstjórar/skrifstofólk | 6 | 15 | | 292,541 | 4,388,115 |
| | Yfirvinna | | 600 | 3,038 | | 1,822,824 |
| | | | | | | 6,210,939 |
| | | | | | | |
| | | | | | **Samtals** | **131,222,648** |
| | | | | **Með orlof** | **10.17%** | **144,567,992** |
| | | | | Með launat. | **0,25** | 180,709,990 |
| | | | | | **Samtals** | 180,709,990 |
| | | | | | Áætlun | 180,594,845 |
| | | | | | **Mismunur** | 115,145 |

**Með bestu kveðju,-**

Geir Bjarnason

Geir Bjarnason, íþrótta- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar


Íþrótta-og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar - Strandgata 6 - 220 Hafnarfirði.
Sími 585 5750 – Gsm 6645754 – Netfang geir@hafnarfjordur.is